

# FRÉTTABRÉF FYRIR FÉLAGSMENN

1. tbl. 1. árg. júlí 2015. Ábyrgðarmaður Skúli Björn Gunnarsson



## VELHEPPNAÐ SÖGUSLÓÐAÞING Á AKUREYRI

Árlegt málþing samtakanna var að þessu sinni haldið 1. maí á Akureyri í samvinnu við Markaðsstofu Norðurlands. Hafði það yfirskriftina *Frá Jörvík til Eyjafjarðar* og var aðalfyrirlesarinn Sarah Maltby, framkvæmdastjóri sýninga og safna hjá York Archaeological Trust/The JORVIK Group í Englandi. Auk hennar fluttu erindi: Arnheiður Jóhannsdóttir, frkvstj. Markaðsstofu Norðurlands, sem talaði um tækifæri í söguferðaþjónustu á Norðurlandi; Kristinn Kristjánsson og Steinunn M. Sveinsdóttir frá Siglufirði sögðu frá uppbyggingu Rauðku og Síldarminjasafnsins; Skúli Gautason sem sagði frá sögum ínjum á Akureyri og markaðssetningu þeirra; Kristín Sóley Björnsdóttir kynnti miðaldakaupstaðinn

að Gásam; Guðrún H. Bjarnadóttir frá Þjóðháttafélaginu Handraðanum ræddi um menningararfinn og Guðrún Ingimundardóttir kynnti norrænu þjóðlistahátíðina á Akureyri. Þá sýndi Frank Bradford, hirðljósmyndari SSF, dæmi um það sem hann hefur verið að vinna. Þinginu stýrði Logi Einarsson, formaður stjórnar Akureyrarstofu.

Málþingið var vel sótt og í kjölfar þess var haldið til Siglufjarðar þar sem uppbygging Rauðku var skoðuð ásamt Þjóðlagasetrinu og Síldarminjasafninu. Að endingu var snæddur veislukvöldverður í Batahúsi Síldarminjasafnsins innan um sögulega báta þar sem söngelskir Siglufirðingar tóku lagið fyrir gesti.

## GÓÐUR AÐALFUNDUR OG FÉLAGSFUNDUR

Aðalfundur samtakanna var haldinn 2. maí en jafnframt var haldinn félagsfundur á undan málþinginu þann fyrsta. Á félagsfundinum var áherslan lögð á að fara yfir markaðs- og kynningaráætlun SSF sem vinnuhópur undir stjórn Skúla Björns Gunnarssonar, gjaldkera SSF, vann í kjölfar félagsfundar á Hótel Heklu í október. Góðar umræður sköpuðust á félagsfundinum um bæði ytri markaðsmál og innra starf og var þeim síðan framhaldið á aðalfundinum daginn eftir.

Á aðalfundinum voru hefðbundin aðalfundarstörf, kynning á Evrópuverkefni

sem SSF er aðili að og fleiri spennandi kynningar. Helstu niðurstöðutölur ársreiknings eru þessar:

Tekjur	6.724.000 kr.
Gjöld	4.579.251 kr.
Hagnaður m.t.t. fjárml.	2.154.113 kr.
Eigið fé í lok árs 2014	3.781.621 kr.

Í stjórn voru kjörin: form. Rögnvaldur Guðmundsson, Skúli Björn Gunnarsson, Dagný Marín Sigmarsdóttir, Þórir Guðmundsson, Ásborg Arnþórsdóttir. Varastjórn: Sigrún Þormar (í stað Völu Garðarsdóttur) og Guðbrandur Benediktsson.

### BREYTING Á 2. GR. SAMÞYKKTA SSF

Aðalfundur SSF var haldinn á Akureyri 2. maí sl. Á honum var samþykkt breyting á 2. gr. samþykktu samtakanna en stjórn var á aðalfundi 2014 falið að koma með tillögu um breytt orðalag. Eftirleiðis er 2. gr. samþykktu samtakanna svohljóðandi:

*Markmið samtakanna er að efla söguferðaþjónustu á Íslandi og að vera samráðsvettvangur þeirra aðila er stunda slíka ferðaþjónustu, hvort sem það eru opinberir aðilar eða einkaaðilar. Með söguferðaþjónustu er átt við ferðaþjónustu sem leggur áherslu á að miðla til ferðamanna íslenskum miðaldabókmenntum, sögu þjóðarinnar frá fortíð til samtíðar og hverskyns menningararfleifð.*

*Markmiði sínu hyggjast samtökin ná með því að:*

- mynda tengslanet milli aðila í samtökunum
- miðla þekkingu innan samtakanna
- standa að sameiginlegri kynningu og markaðssetningu
- stuðla að fagmennsku í söguferðaþjónustu
- stuðla að samstarfi við aðila sem vinna að sambærilegum málum innanlands og utan.

Með þessari breytingu er endanlega fest í sessi að SSF séu opin öllum þeim sem vinna að söguferðaþjónustu, óháð tímabilum.

## VERKEFNIÐ FOLLOW THE VIKINGS

SSF hefur verið aðili að samtökunum Destination Viking Association ([www.destinationviking.com](http://www.destinationviking.com)) frá stofnun þeirra árið 2007. Í DVA eru nú 40 aðilar frá 13 löndum og þar á meðal mörg stór söfn sem vinna með arfleifð víkinga. Á undanförunum árum hefur DVA sótt um styrki til menningarsjóða ESB í stórt verkefni sem tengir saman söguslódir víkinga um víða veröld og gerir þær sýnilegar. Þessum umsóknum hefur verið hafnað þangað til í vetur en þá var verkefnið *Follow the Vikings* samþykkt.

Þetta er fjögurra ára verkefni sem hefst í júlí 2015 og nær fram í júní 2019. Að því koma 15 fullgildir aðilar og auk þess tengjast því 10 aðrir aðilar. Styrkurinn frá Creative Europe hljóðar upp á tæpar tvær milljónir evra en gert er ráð fyrir að heildarumfang verði tvöföld sú upphæð með framlögum þátttakenda. SSF eru einn hinna fullgildu aðila að verkefninu og ber ábyrgð á einum verkþætti sem snýr m.a. að ljósmyndun og útgáfumálum. Þá mun SSF standa fyrir fundi og ráðstefnu haustið 2017 hér á landi. Ljóst er að þetta verkefni mun verða snar þáttur í starfsemi SSF næstu árin og félagsmenn SSF taka þátt í fræðsluferðum og fundum í tengslum við það. Kostnaði verður mætt með vinnuframlögum en jafnframt þarf að sækja í aðra sjóði eftir fjármagni til að standa undir mótframlagi SSF.

Þeir sem vilja forvitnast meira um verkefni geta haft beint samband við Rögnvald Guðmundsson formann SSF sem jafnframt situr í stjórn DVA ([rognvaldur@rff.is](mailto:rognvaldur@rff.is)).

## NÝ HEIMASÍÐA OG BÆKLINGUR

Í markaðs- og kynningaráætluninni sem var lögð fyrir aðalfund er gert ráð fyrir að samtökin ráðist í gerð nýrrar heimasíðu og leggi áherslu á rafræna markaðssetningu. Í samstarfi við Íslandsstofu var fyrirtækið Kapall fengið til að vinna greinargerð og svokallað wireframe fyrir nýja síðu. Eftir að hafa leitað tilboða var gengið til samstarfs við auglýsingastofuna E. Backman sem hefur einnig með höndum bæklanagerð og alla hönnun fyrir SSF.

Nýr vefur er á lokametrunum og mun að líkindum fara í loftið í júlí. Hann er eingöngu miðaður að ferðamanninum og verður til að byrja með á ensku og íslensku. Vefurinn gengur á öll snjalltæki og er kortatengdur þannig að auðvelt er að rata eftir honum. Allir fullgildir aðilar að samtökunum verða sýnilegir á vefnum sem verður áfram undir slóðunum [www.soguslodir.is](http://www.soguslodir.is) og [www.sagatrail.is](http://www.sagatrail.is).

Þrátt fyrir áherslu á hið rafræna þótti ekki hægt að hætta alveg útgáfu kynningarbæklinga. Því var farið í að uppfæra þann sem kom út 2013 og bæta inn í hann nýjum aðilum. Bæklingurinn er kominn út á íslensku og ensku og prentaður í 40 þús. eintökum. R3 sér um dreifingu.

Facebook síða SSF lifir og félagar eru hvattir til að koma þar á framfæri viðburðum og hjálpa til við að fjölga áhangendum. Hægt er að senda upplýsingar til Ásborgar ([asborg@ismennt.is](mailto:asborg@ismennt.is)) / Sigrúnar ([sigrunthormar@me.com](mailto:sigrunthormar@me.com))

## ÁKVÖRÐUN UM ÁRGJALD SSF

Á aðalfundinum í maí var samþykkt að halda árgjaldi SSF óbreyttu í ár, 12.000 kr. fyrir fulla aðild en 6000 kr. fyrir aukaáðild. Jafnframt var samþykkt að halda framlagi til þátttöku í kynningarefni óbreyttu, 100.000 kr. miðað við heila síðu í bæklingi samtakanna en gefa einnig kost á lægra framlagi fyrir minna pláss í kynningarefni. Til samræmis við markaðs- og kynningaráætlun SSF var á aðalfundinum auk þess samþykkt að taka upp veltutengt árgjald árið 2016 og verður það sem hér segir:

Árgjald 2016	Full aðild	Aukaaðild (75%)
Gjaldflokkur 1 (ársvelta allt að 5 m.kr.)	12.000 kr.	9.000 kr.
Gjaldflokkur 2 (ársvelta 5-20 m.kr.)	18.000 kr.	12.000 kr.
Gjaldflokkur 3 (ársvelta 20-40 m.kr.)	24.000 kr.	18.000 kr.
Gjaldflokkur 4 (ársvelta yfir 40 m.kr.)	30.000 kr.	22.500 kr.

Einstaklingar með aukaáðild greiði áfram 6.000 kr.

## ICELANDIC SAGA AND HERITAGE

Eitt af því sem tekið var fyrir í vinnu að markaðs- og kynningaráætlun var hvaða merkingu ferðamenn legðu í *Saga Trail*. Eftir umræður á aðalfundi og umfjöllun stjórnar með þátttöku enskumælandi sérfræðinga varð niðurstaðan að nota frekar *Icelandic Saga and Heritage*. Nýir fánar, límmiðar og seglar sem verið er að framleiða munu skarta því heiti. Á íslensku heita samtökin samt áfram *Samtök um söguferðaþjónustu*.

## SSF FÉLAGAR Á VISITICELAND.COM

Í samstarfi við Íslandsstofu og Ferðamálastofu hefur nú verið búin til sérstök sía í gagnagrunnskerfi vefsins [visiticeland.com](http://visiticeland.com) sem einnig er að baki öllum landshlutavefjunum. Þannig eru þeir sem eru aðilar að SSF nú undir flokknum *Menning-Söguferðaþjónusta* eða á ensku *Culture-Saga&Heritage*. Þetta er liður í því að auka sýnileika samtakanna og aðila þeirra. Einnig er gert ráð fyrir að gera meira úr söguferðaþjónustu á vefjum Íslandsstofu á næstu misserum.

## NÆSTI FÉLAGSFUNDUR

Mikilvægur liður í innra starfi samtakanna er að halda tvo félagsfundi á ári utan aðalfundar þó að stundum, t.d. sl. vetur, hafi veður hamlað fundi. Félagssfundir eru sérstaklega tilteknir í nýrri markaðs- og kynningaráætlun sem góð leið til að vinna markviss í málefnum samtakanna og einnig til að kynnast uppbyggingu hver hjá öðrum. Þessum fundum er dreift um landið og á aðalfundinum í maí var stefnan sett á Vestmannaeyjar með næsta félagsfund. Áætlað að halda hann 16.-17. október svo að menn geta strax tekið dagana frá.

Nýr vefur fyrir félagsmenn og innra starf samtakanna er í vinnslu á: [soguslodir.wordpress.com](http://soguslodir.wordpress.com)